

Fimmtudaginn 16. júní 1994.

Nr. 221/1991.

Íslandsbanki hf.

(Jón G. Briem hrl.)

gegn

Sundagörðum hf.

(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

og þrotabúi Vogalax hf.

Gjaldþrotaskipti. Skuldaröð. Veðsetning. Aðfinnslur. Meðdómsmenn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. maí 1991. Hann krefst þess, að krafa sín í þrotabúi Vogalax hf., að fjárhæð 15.818.840 krónur, verði viðurkennd sem forgangskrafa. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Af hálfu stefnda, Sundagarða hf., er þess krafist, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og félaginu dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti. Af hálfu þrotabús Vogalax hf. var sótt þing fyrir Hæstarétti, en þingsókn féll niður, án þess að kröfur hefðu verið gerðar.

Veðsetning samkvæmt tryggingarbréfi áfrýjanda var kallað allsherjarveð og átti að ná til alls endurheimts hafbeitarlax úr sjó á afhafnasvæði Vogalax hf. árin 1989 til 1992.

Með skírskotun til raka hins áfrýjaða úrskurðar verður að fallast á það, að endurheimtur hafbeitarlax sé aflí í merkingu 4. mgr. 4. gr. veðlaga nr. 18/1887, sbr. 1. gr. laga nr. 43/1986, sbr. 14. gr. laga nr. 9/1989, og að heimilt sé að veðsetja hann til eins árs. Þegar af þeirri ástæðu ber að staðfesta úrlausn hins áfrýjaða úrskurðar um, að veðsetning til fjögurra ára á hafbeitarlaxi, sem endurheimtist, hafi verið ólögmet veðsetning, enda verður að líta svo á, að eingöngu sé í tryggingarbréfinu veðsett það, sem aflast. Niðurstaða héraðsdóms um rétt hæð kröfu áfrýjanda er því staðfest.

Samkvæmt þessari niðurstöðu er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Það athugast, að óþarft var að kveðja til samdómendur í héraði, þar sem ágreiningur máls þessa fjallar eingöngu um lagaatriði.

D ó m s o r ð:

Úrskurður héraðsdóms skal vera óraskaður um annað en málskostnað.

Áfrýjandi, Íslandsbanki hf., greiði stefnda, Sundagörðum hf., 200.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Úrskurður skiptaréttar Gullbringusýslu 11. apríl 1991.

I.

Inngangur.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi miðvikudaginn 13. mars 1991. Málið, sem rekið er fyrir skiptarétti Gullbringusýslu, varðar ágreining Íslandsbanka og Sundagarða hf. um afstöðu sérstaks skiptastjóra varðandi réttthæð kröfu Íslandsbanka nr. 56 samkvæmt kröfulýsingaskrá í þrotabú Vogalax hf. á skiptafundi þann 16. desember 1990.

Sóknaraðilar máls þessa voru upphaflega Hörður Jónsson og Sundagarðar hf. Í upphafi munnlegs málflutnings þann 13. mars 1991 lýsti lögmaður sóknaraðila yfir að Hörður Jónsson hefði fallið frá kröfum sínum. Lögmaður varnaraðila Íslandsbanka hf. gerði ekki kröfu um málskostnað á hendur Herði Jónssyni. Af hálfu þrotabús Vogalax hf. var eigi sótt þing né voru gerðar kröfur á hendur því.

Þann 25. mars 1991 skoðuðu dómendur athafnasvæði þb. Vogalax hf. og kynntu sér aðstæður allar.

II.

Kröfugerð.

Sóknaraðili gerði þá kröfu að ákvörðun sérstaks skiptastjóra um, að krafa varnaraðila í þrotabú Vogalax hf. skuli njóta veðtryggingar verði hnekkt, en skuli í þess stað flokkast sem almenn krafa skv. 85. gr. l. nr. 3/1878, sbr. 5. gr. l. nr. 32/1974. Auk þess krafðist sóknaraðili málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ auk lögmælt virðisaukaskatts á hendur varnaraðila.

Varnaraðili krafðist þess hins vegar að afstaða sérstaks skiptastjóra yrði staðfest og krafa Íslandsbanka nyti forgangs utan skuldaraðar. Að auki krafðist varnaraðili málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ auk virðisaukaskatts.

Málavextir.

Hlutafélagið Vogalax var stofnað 12. ágúst 1985. Tilgangur félagsins var samkvæmt samþykktum þess að stunda atvinnurekstur á sviði fiskiræktar og annan skyldan rekstur, þar á meðal ræktun á laxaseiðum, hafbeit á laxi, framleiðslu og útvegum á fódri og vinnslu og sölu á afurðum. Rekstur félagsins gekk ekki sem skyldi og þann 17. ágúst 1990 óskaði stjórn félagsins að bú þess yrði tekið til gjaldþrotameðferðar. Gjaldþrotaúrskurður var kveðinn upp sama dag og í framhaldi af því voru Ingi H. Sigurðsson hdl. og Jón G. Briem hrl. skipaðir bústjórar til bráðabirgða. Þann 12. september 1990 lét Jón G. Briem hrl. af störfum að eigin ósk og var þá Steingrímur Eiríksson hdl. skipaður bústjóri í hans stað.

Lögum samkvæmt var gefin út innköllun og lauk kröfulýsingarfresti þann 29. október 1990. Íslandsbanki lýsti þann 12. október 1990 kröfu að upphæð kr. 15.818.840,00, og er hún nr. 56 á kröfulýsingarskrá, sbr. dómskjöl nr. 6 og 7. Fyrsti skiptafundur var haldinn þann 6. desember 1990 og var þá ekki tekin afstaða til þessarar kröfu en sá fundur samþykkti að skipa sérstakan skiptastjóra til að taka afstöðu til hennar. Ásgeir Þór Árnason hdl. var síðan skipaður.

Á skiptafundi 14. desember 1990 lá fyrir sú afstaða sérstaks skiptastjóra að krafa Íslandsbanka hf. skyldi njóta forgangs utan skuldaraðar. Lögmaður sóknaraðila mótmælti þessari afstöðu og í framhaldi af því var ákveðið að flytja sérstakt skiptaréttarmál þar sem Sundagarðar hf. og Hörður Jónsson væru sóknaraðila en Íslandsbanki hf. varnaraðili. Málið var síðan þingfest 10. janúar 1991 með framlagningu greinargerðar sóknaraðila. Varnaraðili skilaði sinni greinargerð þann 12. febrúar sama ár og munnlegur málflutningur var ákveðinn þann 13. mars 1991.

Krafa Íslandsbanka er þannig til komin að Vogalax hf. gaf út þann 25. júlí 1989 tryggingarbréf (allsherjarveð), sbr. dómskjal nr. 3, samtals að fjárhæð kr. 15.000.000,00, til Verslunarbanka Íslands hf. til tryggingar greiðslu á þremur víxlum, út gefnum af Vogalaxi hf. Tryggingarbréfið átti að gilda jafnt, þótt víxlarnir yrðu framlengdir að meira eða minna leyti. Víxlarnir féllu allir í gjalddaga 10. október 1989 en í desember s.á. samdist svo um að Vogalax hf. gæfi út skuldabréf nr. 77582, sbr. dómskjal nr. 4, til tryggingar þeim. Þá var einnig útbúinn viðauki við tryggingarbréfið þess efnis að það skyldi einnig tryggja greiðslu skuldabréfsins. Með tryggingarbréfinu var allur hafbeitarlax Vogalax hf., sem endurheimtist sumrin 1989–1992, veðsettur með öðrum veðrétti.

Í munnlegum málflutningi gerði lögmaður sóknaraðila grein fyrir 1. gr. I.

nr. 43/1986 og svo tilurð og setningu l. nr. 18/1887. Lögmaðurinn benti á, að skv. 4. gr. l. nr. 18/1887 væri almenna reglan sú að óheimilt væri að veðsetja allt sem veðsali á og eignast kann. Þá sé óheimilt að setja að sjálfsvörsluveði safn af munum sem eru samkynja eða ætlaðir til samkynja notkunar og einkenndir eru með almennu nafni. Undantekningu frá þessari meginreglu sé meðal annars að finna í 4. mgr. 4. gr. l. nr. 18/1887, sbr. l. gr. l. nr. 43/1986, er bæri að skýra þröngt samkvæmt viðurkenndum lögskýringaraðferðum. Lögmaðurinn taldi, að hugtakið „eldisfiskur“ skv. 1. gr. l. nr. 43/1986 tæki aðeins til fisks, sem væri alinn í kerum eða kvíum, en tæki ekki til hafbeitarlax, þar sem hann væri ekki eldisfiskur. Lögmaðurinn benti á, að í greinargerð, sem fylgdi frumvarpi því, sem síðar varð að l. nr. 43/1986, segði, „að bankastofnanir veiti lán til rekstrar fiskeldisfyrirtækja gegn veði í þeim seiðum eða eldisfiski sem er í stöðinni hverju sinni“, og í niðurlagi greinargerðarinnar hefði staðið: „Þá þykir eðlilegt að heimilt sé að veðsetja eldisfisk til lengri tíma en eins ár í senn, þar sem fiskurinn er alinn lengur en eitt ár í kerum eða kvíum.“ Að áliti lögmannsins bentu þessar tilvitnanir til, að l. nr. 43/1986 væri einvörðungu ætlað að taka til fisks sem alinn væri í fiskeldisstöðvum, það er að segja fisk, sem byggir við ónáttúrulegar aðstæður og væri haldið í kvíum eða kerum. Það gæti ekki átt við hafbeitarlax sem dveldist aðeins fyrstu mánuði eða ár í laxeldisstöð en væri síðan sleppt í sjó þaðan sem hann kæmi ekki aftur fyrr en að liðnu einu til tveimur árum.

Máli sínu til frekari stuðnings benti lögmaður sóknaraðila á að skv. 1. gr. l. nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði sé fiskeldi skilgreint sem „geymsla, fæðsla og gæsla alifisks“, en alifiskur sé aftur á móti skilgreindur sem „fiskur, sem alinn er eða látinn ganga sjálfala í tjörnum eða ílátum“. Þessar skilgreiningar hnígi að því að með fiskeldi sé átt við fisk sem hafður er í afmörkuðu svæði eða afmörkuðu rými og gefið fóður. Þessi atriði geti alls ekki átt við hafbeitarfisk sem er sjálfala í hafinu og fæðir sig algerlega sjálfur.

Lögmaðurinn benti einnig á að samtök fiskiræktenda hétu „Samtök fiskeldis- og hafbeitarstöðva“ sem spegli þann mun sem gerður er á fiskeldi og hafbeit.

Lögmaður varnaraðila benti aftur á móti á að tryggingarbréfið væri skýrlega sett til tryggingar greiðslu á umræddum víxlum og með viðaukanum frá 25. júlí tæki það einnig til tryggingar á skuldabréfi nr. 77582.

Hvað varðaði heimild til veðsetningar, benti lögmaður varnaraðila á, að samkvæmt l. gr. l. nr. 43/1986 um breytingu á 4. gr. 4. mgr. l. nr. 18/1887 hefðu framleiðendur eldisfisks óumdeilanlega heimild til að veðsetja að sjálfsvörsluveði eldisfisk þann, sem þeir framleiddu. Framleiðendur eldis-

fisks beiti ýmsum eldisaðferðum, s.s. seiðaelði, matfiskseldi ýmiss konar svo og hafbeit. Það síðastnefnda feli í sér, að sleppt sé gönguseiðum til sjó-göngu og veiddur sé kynþroska fiskur sem gangi í sjó við fiskeldisstöðina. Þessari aðferð líkir lögmaðurinn við það, þegar fé sé rekið á almenning til beitar og látið ganga þar sjálfala. Hafbeitarfiskur sé þannig ein tegund eldisfisks. Með l. nr. 43/1986 hafi verið ætlað að gera framleiðendum eldisfisks mögulegt að veðsetja þann fisk, sem væri í framleiðslu, en vafi þótti leika á um, hvort slíkt væri mögulegt fyrir gildistöku l. nr. 43/1986. Eldisfiskur í merkingu l. nr. 43/1986 taki því einnig til hafbeitarfisks.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningsefni það, sem hér er til meðferðar, snýst fyrst og fremst um, hvort l. gr. l. nr. 43/1986 um breytingu á 4. mgr. 4. gr. l. nr. 18/1887 heimili að veðsetja hafbeitarlax, það er að segja hvort hafbeitarlax falli undir hugtakið „eldisfiskur“ í l. gr. l. nr. 43/1986.

Tvær aðferðir eru aðallega viðhafðar til að framleiða lax. Annars vegar er um að ræða eldi í kvíum í sjó og kerum á landi, og hins vegar er hafbeit. Fyrirnefnda aðferðin byggist á því, að lax er alinn alla sína tíð við ónáttúrulegar aðstæður þar sem honum er haldið innilokuðum, ýmist í kerum eða kvíum, og gefið fóður. Vegna þessara aðstæðna er slíkur lax frábrugðinn villtum laxi hvað varðar til dæmis þéttleika holdsins, lit og bragð.

Í hafbeit eru seiðin alin í nokkra mánuði í kerum í hafbeitarstöð, en síðar sleppt í sjó. Venjulegast er laxinn eitt til tvö ár í sjónum og hluti hans (oftast örfá % af þeim seiðum sem upphaflega var sleppt) talinn skila sér samkvæmt eðlisávisun til baka í hafbeitarstöðina. Við endurkomuna í hafbeitarstöðina er laxinn veiddur í gildirur og slátrað í beinu framhaldi án þess að vera fóðraður enda löngu hættur að taka æti. Hafbeitarlax elst því upp í náttúrulegu umhverfi og er því í engu frábrugðinn villtum laxi þegar hann er veiddur.

Í veðlögum nr. 18/1887 er sú meginregla samkvæmt 4. gr. 2. mgr. að bannað er að veðsetja heildarsafn muna. Í tímans rás hafa verið lögleiddar nokkrar undantekningar frá þessari meginreglu. Með l. nr. 87/1960 var útgerðarmanni, framleiðanda sjávarafurða og landbúnaðarafurða og öðrum, sem vörur þessar hefur til sölumeðferðar, heimilt að setja banka eða sparisjóði að sjálfsvörsluveði afla og tilgreindar tegundir afurða og rekstrarvörur til sjávarútvegs og landbúnaðar sem veðsali á eða eignast kann á tilteknu tímabili, allt að einu ári í senn, til tryggingar lánnum þeim, er hann tekur út á hin veðsettu verðmæti. Samkvæmt þessari grein tók veðsetningin til afla og afurða án tillits til verkunar eða framleiðslustigs og gat veðrétturinn náð til hvers konar verðbóta og gjaldeyrisfríðinda á afla eða afurðum á hverjum tíma.

Með l. nr. 43/1986 var ofangreint ákvæði rýmkað þannig, að nú var einnig heimilt að veðsetja eldisfisk í allt að fjögur ár í senn til tryggingar lánnum, ekki aðeins frá bönkum og sparisjóðum heldur og frá lánastofnunum.

Hugtakið „eldisfiskur“ er ekki skilgreint í l. nr. 43/1986, og í greinargerðinni með frumvarpi því, sem síðar varð l. nr. 43/1986, er ekki fjallað um þetta hugtak með beinum hætti, en þar segir þó meðal annars: „Það felst í eðli fiskeldisstarfsemi, að í mörgum tilvikum er mun meira verðmæti í þeim fiski, sem verið er að ala, heldur en í fastafjármunum fiskeldisstöðvarinnar sjálfrar. Enda þótt þetta hlutfall sé mjög mismunandi eru þess dæmi, að fiskur, sem alinn er í eldiskerum í sjó, nái allt að tíföldu verðmæti kvíanna sjálfra. Tryggingafélög bjóða nú tryggingar á lifandi fiski í eldisstöðvum. Af þessari ástæðu m.a. hafa menn talið að grundvöllur sé fyrir því, að bankastofnanir veiti lán til rekstrar fiskeldisfyrirtækja gegn veði í þeim seiðum eða eldisfiski sem í stöðinni er hverju sinni. Um heimildir til slíkra veðsetninga eru hins vegar ekki ótvíræð ákvæði í veðlögum nr. 18/1887.“ Síðar segir: „Eldisfiskur sýnist þó ekki vera ótryggara andlag veðsetningar en þær afurðir sem núverandi heimildir ná til. Þykir því eðlilegt að rýmka þessar heimildir þannig að þær nái til eldisfisks, og er jafnframt tekið fyrir vafatriði um túlkun laganna. Þá þykir eðlilegt að heimilt sé að veðsetja eldisfisk til lengri tíma en eins árs í senn, þar sem fiskurinn er alinn lengur en eitt ár í kerum eða kvíum.“

Ekki er fyrir að fara skilgreiningu á þessu hugtaki í öðrum lögum og eigi hafa gengið dómsúrlausnir um inntak þess né hafa fræðimenn vikið að því í skrifum sínum.

Eins og að framan er rakið, er það meginregla veðlaga nr. 18/1887 að enginn megi setja að sjálfsvörsluveði safn af munum, sem séu samkynja eða ætlaðir til samkynja notkunar og einkenndir séu með einu almennu nafni. Samkvæmt venjubundnum lögskýringaraðferðum ber að skýra undanþágur frá meginreglu þröngt ef vafi er um túlkun þeirra.

Hugtakið „eldisfiskur“ gefur til kynna fisk, sem alinn er til slátrunar, sbr. orðskýringu á fiskeldi sem „geymsla, fæðsla og gæsla alifisks“ í l. gr. 1. nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði. Hafi verið ætlunin að láta hugtakið „eldisfisk“ í l. gr. 1. nr. 43/1986 einnig ná til hafbeitarlax, hefði verið nauðsynlegt að taka það fram skýrum orðum í lögnum, vegna þess að hafbeitarlax er í eðli sínu villtur fiskur, svo sem gerð hefur verið grein fyrir, og þeirrar staðreyndar, að 4. gr. l. nr. 18/1887, sbr. 1. gr. l. nr. 43/1986, er undantekningarregla, sem í vafatilvikum ber að skýra þröngt.

Þessi skýring fær enn fremur stoð í greinargerð með frumvarpi því, sem síðar varð l. nr. 43/1986, en þeim lögum var ætlað að víkka veðandlag sjálfs-

vörsluveds, svo að það næði einnig til fisks, sem geymdur er í kvíum eða kerum, eða til seiða og eldisfisks, sem geymdur er í stöðinni hverju sinni, en þessi ummæli hafa áður verið rakin. Hvergi í greinargerðinni er vikið orði að hafbeitarlaxi eða hafbeiti yfir höfuð.

Samkvæmt þessu verður að telja, að veðsetning á hafbeitarlaxi til fjögurra ára hafi verið óheimil. Á hitt er að líta að hafbeitarlax er veiddur í gildrur og í framhaldi af því er honum slátrað. Verður að telja að hér sé um að ræða afla í merkingu 1. gr. l. nr. 43/1986, sbr. 4. gr. l. nr. 18/1887, sem heimilt er að veðsetja til eins árs.

Hið umþrætta tryggingarbréf í máli þessu tekur til veðsetningar á hafbeitarlaxi til fjögurra ára og verður því samkvæmt því, sem að framan segir, að teljast ólögmat veðsetning og er því eigi þörf að kanna hvaða skuldir tryggingarbréfinu er ætlað að tryggja.

Niðurstaða réttarins er því sú að kröfu Íslandsbanka nr. 56 á kröfulýsingaskrá þrotabús Vogalax hf., sbr. réttarskjöl nr. 6 og 7, að fjárhæð kr. 15.818.840,00, er skipað sem almennri kröfu, en ekki kröfu utan skuldaradar.

Þess hefur fyrr verið getið að í greinargerð lögmanns sóknaraðila var ekkert minnst á 1. gr. l. nr. 43/1986 um breytingu á l. nr. 18/1887, og málsástæðu byggðri á skorti á tilgreiningu veðs er vægt sagt ónákvæmlega lýst. Málavaxtalýsingu vantaði með öllu. Í munnlegum málflutningi var þó bætt úr þessari ónákvæmni og lögmaður varnaraðila tók til varna samkvæmt því og krafðist ekki frávísunar. Engu að síður verður að telja að hér hafi verið viðhöfð af hálfu lögmanns sóknaraðila ómarkviss vinnubrögð sem óhjákvæmilega verður að taka tillit til við ákvörðun málskostnaðar. Málskostnaður telst því hæfilega ákveðinn 75.000,00 kr. auk virðisaukaskatts, að fjárhæð kr. 18.375,00.

Úrskurð þennan kváðu upp Þorsteinn Pétursson, aðalfulltrúi skiptaránda, auk meðdómsmannanna Gunnars Aðalsteinssonar héraðsdómara og Magnúsar K. Hannessonar lektors. Uppsaga úrskurðar hefur dregist vegna páskahátíðar.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu nr. 56 á kröfulýsingarskrá, að fjárhæð kr. 15.818.840,00, er skipað sem almennri kröfu í þrotabú Vogalax hf. Íslandsbanki hf. greiði Sundagörðum hf. kr. 75.000,00 í málskostnað auk virðisaukaskatts, að fjárhæð kr. 18.375,00.